



Fréttabréf þetta er ætlað sjóðfélögum Brúar lífeyrissjóðs.

Sjóðurinn starfrækir þrjár ólíkar deildir og höfðar efni blaðsins með ólíkum hætti til sjóðfélaga deildanna.



Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar fer í B deild Brúar lífeyrissjóðs

Þann 22. febrúar s.l. var undirritaður samningur um sameiningu Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar inn í B deild Brúar lífeyrissjóðs. Sameiningin miðast við 1. janúar 2017 en frá 1. maí annast Brú lífeyrissjóður allan rekstur sjóðsins. Meginforsenda sameiningarinnar er að réttindi og réttindaávinnsla sjóðfélaga haldist óbreytt og skuldbindingar réttindasafnsins er aðgreint frá öðrum réttindasöfnum.

Brú lífeyrissjóður býður sjóðfélaga Eftirlaunasjóðs Reykjanesbæjar velkomna á skrifstofu sjóðsins í Sigtúni 42, 105 Reykjavík. Einnig er sjóðfélögum bent á heimasíðu sjóðsins, lifbru.is, og umsóknargáttina sem þar er.



Kæri sjóðfélagi

Í árslok 2016 áttu tæplega 90 þúsund manns réttindi í sjóðnum. Á árinu 2016 greiddu að meðaltali 16.225 sjóðfélagar iðgjöld til sjóðsins og að meðaltali fengu 5.500 lífeyrisþegar greiddan lífeyri. Hrein eign sjóðsins hækkaði um rúma 10 milljarða króna á árinu og var í árslok 2016 rúmir 128 milljarðar króna. Ávöxtun liðins árs var undir væntingum en bæði styrking íslensku krónunnar gagnvart erlendum gjaldmiðlum og verðþróun á innlenda hlutabréfamarkaðinum höfðu neikvæð áhrif á ávöxtun sjóðsins. Nafnávöxtun ársins 2016 var aðeins 1,8% sem samsvarar neikvæðri raunávöxtun upp á 0,3%.

Rekstrarkostnaður ársins var 295 milljónir króna en að meðaltali störfuðu 16 starfsmenn hjá sjóðnum. Brú lífeyrissjóður sér einnig um rekstur Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar.

Niðurstaða tryggingafræðilegrar athugunar í árslok 2016 sýnir að í A deild voru skuldbindingar umfram eignir 13,3%. Hlutfallið er komið yfir viðmið laga en unnið er að breytingum á samþykktum sjóðsins í samræmi við lög nr. 127/2016. Tryggingafræðileg staða V deildar var hins vegar jákvæð um 3,4% í árslok 2016 en staðan á B deild var neikvæð um 25,8%. Sjá frekar á yfirliti yfir afkomu ársins og tryggingafræðilega stöðu í ársreikningi sjóðsins á lifbru.is.

Áhersla á þjónustu við sjóðfélaga

Mikið hefur áunnist á síðastliðnu starfsári. Sjóðurinn fékk nýtt nafn og merki og heitir nú Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga. Opnuð var ný heimasíða og umsóknargátt. Allar umsóknir sjóðsins eru rafrænar og geta sjóðfélagar fylgst með framvindu sinna mála í gáttinni. Þá býður sjóðurinn upp á námskeið fyrir sjóðfélaga sem nálgast starfslok. Til að mæta eftirspurn eftir sjóðafélagalánum býður sjóðurinn upp á óverðtryggt lán með breytilegum vöxtum, en áður voru einungis veitt lán á föstum verðtryggtum vöxtum.

Gerður Guðjónsdóttir,
framkvæmdastjóri Brúar lífeyrissjóðs

Starfslökanámskeið

Brú lífeyrissjóður heldur námskeið fyrir sjóðfélaga um lífeyrisréttindi við starfslok. Á námskeiðunum er farið yfir hvar upplýsingar um réttindi sjóðfélaga er að finna ásamt því að svara helstu spurningum um lífeyrismál. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á lifbru.is en þar fer fram skráning á námskeiðin.

Næsta námskeið verður haldið miðvikudaginn 17. maí.

Tímasetningar:

Starfslok úr B deild: kl. 16.30

Starfslok úr A deild: kl. 17.30

Starfslok úr V deild: kl. 18.30

Breyting á lánareglum

Ný lög um fasteignalán til neytenda tóku gildi 1. apríl sl. en helstu breytingarnar eru að nú þarf að liggja fyrir greiðslumat til grundvallar öllum lánveitingum sjóðsins óháð fjárhæð. Sjóðurinn veitir lán til allra sinna sjóðfélaga en einnig til sjóðfélaga Lífeyrissjóðs starfsmanna Reykjavíkurborgar og Lífeyrissjóðs starfsmanna Kópavogsbæjar. Upplýsingar um lán og lánakjör sjóðsins má finna á lifbru.is.

Lífeyrisréttindi þín

Lífeyrisréttindi eru verðmæt eign sem sjóðfélagar ættu að kynna sér vel. Hægt er að skoða réttindin á meðfylgjandi yfirliti en þau eru send til sjóðfélaga tvisvar á ári. Jafnframt er hægt að fylgjast með réttindum sínum á sjóðfélagavef sjóðsins lifbru.is eða á Lífeyrisgáttinni lifeyrisgattin.is. Mikilvægt er að bera saman yfirlitið við launaseðla. Ef fram kemur mismunur hafðu þá strax samband við lífeyrissjóðinn.

Við tökum vel á móti þér

Vertu velkomin(n) á skrifstofu Brúar lífeyrissjóðs í Sigtúni 42 eða hafðu samband með tölvupósti lifbru@lifbru.is eða í síma 5 400 700.

Á lifeyrismal.is finnur þú fróðleik og svör við algengum spurningum hvað varðar lífeyrismál.

Samræming lífeyrisréttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði – breytingar á A deild

Á undanförunum árum hafa aðilar vinnumarkaðarins unnið markvisst að því að bæta vinnubrögð við gerð kjarasamninga og stuðla að samræmingu réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði. Lífeyrisréttindi eru einn mikilvægasti þátturinn í slíkri samræmingu og í stöðugleikasáttmálanum sem var undirritaður af ríki, sveitarfélögum og aðilum vinnumarkaðarins 25. júní 2009 var kveðið á um að þessir aðilar myndu í sameiningu taka lífeyrismál og málefni lífeyrissjóða til umfjöllunar. Í kjölfarið var skipaður vinnuhópur með fulltrúum þessara aðila og var meginmarkmið hans að komast að sameiginlegri niðurstöðu um framtíðarskipan lífeyrismála. Helsta leiðarstef vinnuhópsins var samræming og jöfnun réttinda á almennum og opinberum vinnumarkaði og að lífeyriskerfi landsins yrði sjálfbært þannig að hver kynslóð stæði undir eigin lífeyrisréttindum en slíkt fyrirkomulag kallar á aldurstengda réttindaávinnslu.

Með setningu laga nr. 127/2016 var lögum um Lífeyris-sjóð starfsmanna ríkisins breytt og hefur sú lagabreyting áhrif á A deild Brúar lífeyrissjóðs. Helstu breytingarnar eru þessar og taka þær taka gildi 1. júní 2017:

1. Réttindaávinnsla A deildar er breytt úr jafnri réttindaávinnslu yfir í aldurstengda réttindaávinnslu.
2. Lífeyrisaldur er samræmdur við almennan vinnumarkað og verður 67 ár.
3. A deild er viðhaldið en þeir sem greiða áfram iðgjald til sjóðsins fara yfir í aldurstengda réttindaávinnslu. Mismunur á réttindum í jafnri og aldurstengdri ávinnslu er fjármagnaður með sérstöku framlagi, lífeyrisauka, sem launagreiðendur greiða til sjóðsins.
4. Nýir sjóðfélagar frá 1. júní 2017 fara í aldurstengda réttindaávinnslu.
5. Launagreiðendur, ríki og sveitarfélög greiða einnig til sjóðsins framlag í varúðarsjóð.
6. Mótframlag launagreiðanda lækkar úr 12% í 11,5% þann 1. júní 2017.
7. Réttindi þeirra sem byrjaðir eru á lífeyri þann 31. maí 2017 og réttindi þeirra sem verða 60 ára á sama tíma verða ekki skert eða aukin þó svo til skerðingar eða réttindaaukningar komi hjá öðrum sjóðfélögum. Launagreiðendur, sveitarfélög og ríkissjóður gera sérstaklega upp fjárhagsleg áhrif vegna þessara sjóðfélaga.

Breytingar á V deild

Ofangreind lagasetning hefur einnig áhrif á réttindi í V-deild sjóðsins þar sem lífeyristökualdur í V deild hækkar í 67 ár frá og með 1. júní 2017 en sú breyting hefur áhrif á réttindatöflur í samþykktunum. Sjóðurinn mun kynna þessar breytingar frekar á næstu vikum á heimasíðu sjóðsins, lifbru.is. Jafnframt er fyrirhugað að halda fræðslufundi um breytingarnar og verða þeir auglýstir á heimasíðu sjóðsins.

Nýir starfsmenn

Á síðastliðnu ári voru ráðnir tveir nýir starfsmenn, en þau eru Bárður Þór Sveinsson, verkefnastjóri fjármálasviðs, og María Garðarsdóttir lífeyrisfulltrúi. Einn starfsmaður hætti störfum á árinu en það var Helga María Mosty lífeyrisfulltrúi og eru henni þökkun vel unnin störf.

Í stjórn sjóðsins eru: Garðar Hilmarsson, formaður, Kristbjörg Stephensen, varaformaður, Benedikt Þór Valsson, Elín Björg Jónsdóttir, Salóme A. Þórisdóttir og Sigurbergur Ármann.

Framkvæmdastjóri er Gerður Guðjónsdóttir.

Ársfundur 2017

Ársfundur Brúar lífeyrissjóðs verður haldinn fimmtudaginn 8. júní kl. 12.00 í húsakynnum sjóðsins, Sigtúni 42, 2. hæð, Reykjavík.

Dagskrá

1. Venjuleg ársfundarstörf samkvæmt samþykktum sjóðsins
2. Breytingar á samþykktum
3. Önnur mál löglega upp borin

Allir sjóðfélagar, fulltrúar launagreiðenda og fulltrúar viðkomandi stéttarféлага eiga rétt til fundarsetu og hafa málfrelsi og tillögurétt.

Reykjavík, 8. maí 2017

Stjórn Brúar lífeyrissjóðs starfsmanna sveitarfélaga

Yfirlit yfir afkomu ársins 2016

| | | | | 2016 | 2015 |
|--|----------------|---------------|--------------|----------------|----------------|
| Efnahagsreikningur (í milljónum kr.) | A deild | V deild | B deild | Samtals | Samtals |
| Eignahlutir í félögum og sjóðum | 31.966 | 6.837 | 800 | 39.603 | 41.771 |
| Skuldabréf | 68.295 | 14.607 | 3.459 | 86.361 | 69.756 |
| Bundnar bankainnistæður | 420 | 90 | 19 | 529 | 4.173 |
| Aðrar fjárfestingar | 24 | 5 | 0 | 29 | 64 |
| Kröfur | 526 | 113 | 335 | 974 | 1.610 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir | 93 | 20 | 0 | 113 | 109 |
| Handbært fé | 811 | 173 | 22 | 1.007 | 1.044 |
| Skuldir | -70 | -15 | -57 | -142 | -200 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 102.066 | 21.830 | 4.579 | 128.475 | 118.326 |
| Breyting á hreinni eign (í milljónum kr.) | | | | | |
| lögjöld | 8.154 | 2.491 | 954 | 11.599 | 10.361 |
| Lífeyrir | -2.089 | -161 | -1.349 | -3.598 | -3.109 |
| Hreinar fjárfestingatekjur | 1.950 | 399 | 94 | 2.443 | 12.221 |
| Rekstrarkostnaður | -203 | -34 | -58 | -295 | -279 |
| Breyting á hreinni eign til greiðslu lífeyris | 7.813 | 2.695 | -359 | 10.149 | 19.194 |
| Hrein eign frá fyrra ári | 94.253 | 19.135 | 4.938 | 118.326 | 100.605 |
| Afhent í lok árs við lokun séreignadeildar | | | | | -1.473 |
| Hrein eign til greiðslu lífeyris | 102.066 | 21.830 | 4.579 | 128.475 | 118.326 |
| Kennitölur | | | | | |
| Nafnávöxtun | 1,8% | 1,8% | 0,8% | 1,8% | 11,6% |
| Hrein raunávöxtun | -0,3% | -0,3% | -1,3% | -0,3% | 9,4% |
| Raunávöxtun (5 ára meðaltal) | 4,5% | 4,5% | | 4,4% | 5,2% |
| Raunávöxtun (10 ára meðaltal) | 1,8% | 1,8% | | 1,7% | 2,5% |
| Hrein eign umfram heildarskuldbindingar | -13,3% | 3,4% | -25,8% | | |
| Virkir sjóðfélagar (meðaltal ársins) | 11.491 | 4.570 | 164 | 16.225 | 16.316 |
| Fjöldi lífeyrisþega (meðaltal ársins) | 3.531 | 979 | 990 | 5.500 | 4.805 |